

Velferðarnefnd  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa. 151. löggjafarþing 2020-2021, 35. mál.**

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Með frumvarpinu stendur meðal annars til að lengja það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar, hækka lágmarksfjárhæðir tekjutengdra- og grunnatvinnuleysisbóta og hækka uppbót vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

BHM hefur ítrekað bent á að hækka þurfi grunnatvinnuleysisbætur og hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Á aðalfundi bandalagsins 2018 var meðal annars ályktað „að afnema beri hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, sem greiddar eru fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis, og hækka grunnatvinnuleysisbætur þannig að þær dugi til framfærslu.“ Þetta hefur bandalagið margoft ítrekað síðan<sup>1</sup> og lagt sérstaka áherslu á stöðu atvinnulausra í kjölfar þeirrar efnahagskreppu sem sem þjóðin býr nú við í kjölfar kórónuveirufaraldurs, með það að markmiði að bæta afkomuöryggi fólks sem misst hefur vinnuna.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er miðað við lægstu laun samkvæmt kjarasamningum hverju sinni. Lægstu laun eru breytileg eftir kjarasamningum og í sumum þeirra eru ákvæði um lágmarkstekjur þannig að greiða skuli uppbót á laun sem ná ekki tilteknum fjárhæðum. Þannig geta lágmarkslaun skv. kjarasamningi verið lægri en lágmarstekjur samkvæmt kjarasamningi. Telur BHM því heppilegra að löggjafinn taki afstöðu til þess við hvaða lægstu laun skal miða.

**BHM fagnar efni frumvarpsins og styður framgang þess að teknu tilliti til framangreindrar athugasemdar.**

Fyrir hönd BHM,



Andri Valur Ívarsson  
lögmaður

<sup>1</sup> sjá meðal annars hérna: <https://www.bhm.is/frettir/bhm-kallar-eftir-tafarlausum-adgerdum-tilad-bregdast-vid-stodunni-a-vinumarkadi>